

## Umsögn BÍ um frumvarp að breytingum á ákvæðum fjölmiðlalaga er varða stuðning til einkarekinna fjölmiðla

153. löggjafarþing 2022–2023. Þingskjal 685 — 543. mál. Frumvarp til laga um breytingu á [lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011](#) (stuðningur við einkarekna fjölmiðla)

Helstu atriði umsagnarinnar:

- Blaðamannafélagið fagnar því að nú sé komið inn ákvæði í frumvarpið sem áréttar að fjölmiðlar séu hornsteinn lýðræðis og að það sé almannahagur að fyrirsjáanlegt stuðningskerfi, fjármagnað af hinu opinbera, styðji við og eflir ritstjórnir á einkareknum fréttu- og dagskrármiðlum.
- Heildarfjárhæð stuðnings er of lág, þótt fagna beri því 100 mkr. aukaframlagi sem fjárlaganefnd tók ákvörðun um fyrir jól. Til samanburðar fá stjórn málaflakkar nær tvöfalt hærri heildarupphæð til þess að „efla lýðræðið“ eins og segir í lögum þar um.
- Markmiðið með stuðningnum er ekki síst að jafna stöðu íslenskra fjölmiðla gagnvart erlendum auglýsingaveitum og samfélagsmiðlum. Æskilegt er að þessu markmiði væri fylgt eftir af hálfu stjórnvalda með því að innleiða skattlagningu af tekjum hinna erlendu stórfyrirtækja á íslenskum markaði.

Með vísan til gagna um tilgreint lagafrumvarp og framkomnar umsagnir á vef Alþingis vill Blaðamannafélag Íslands koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

### 1. Um fjölmiðla sem hornstein lýðræðis

Í frumvarpinu er lagt til að d-liður 62. gr. laganna verði orðaður svo:

„Fjölmiðlar eru hornsteinn lýðræðis og með fyrirsjáanlegu stuðningskerfi skal styðja við og efla ritstjórnir á einkareknum fréttu- og dagskrármiðlum sem gefa út fréttir, fréttatengt efni og/eða umfjöllun um samfélagsleg málefni með því að veita einkareknum fréttu- og dagskrármiðlum rekstrarstuðning sbr. 62. gr. g., vegna hluta kostnaðar sem fellur til við að afla og miðla slíku efni.“

Blaðamannafélag Íslands fagnar því að áréttað sé hér að fjölmiðlar séu hornsteinn lýðræðis og að það sé almannahagur að fyrirsjáanlegt stuðningskerfi, fjármagnað af hinu opinbera, styðji við og eflir ritstjórnir á einkareknum fréttu- og dagskrármiðlum. Þar með er tekið undir það sjónarmið Blaðamannafélagsins að staða fjölmiðla er ekki einkamál fjölmiðlanna sjálfra heldur varðar hún samfélagið allt. Sterkir, öflugir fjölmiðlar eru forsenda

fyrir því að hægt sé að veita stjórnvöldum og stórfyrirtækjum nauðsynlegt aðhald. Sú staðreynd, að Ísland hefur færst niður á fjölmiðlafrelsislista Blaðamanna án landamæra (RSF) er áhyggjuefni, ekki síst í ljósi þess að hinar Norðurlandþjóðirnar raða sér í efstu sæti listans, þar sem Ísland ætti einnig að vera. Það ætti því að vera markmið hvers lýðræðis-samfélags, hvernar ríkisstjórnar, hvers löggjafarþings, að gera það sem í þeirra valdi stendur til þess að tryggja öflugna, frjálsa og sjálfstæða fjölmiðlastarfsemi í landinu.

Blaðamannafélagið fagnar því að það standi til að taka reglur um stuðning hins opinbera við rekstur fjölmiðla á hinum Norðurlöndunum til fyrirmyndar við samningu þeirra reglna sem eiga að gilda um þetta hérlendis framvegis.

## 2. *Um skattheimtu af erlendum efnisveitum*

Að mati BÍ er þó eftisjá af því að áréttað sé einnig að markmiðið með stuðningnum sé ekki síst sá að jafna stöðu íslenskra fjölmiðla gagnvart erlendum auglýsingaveitum og samfélagsmiðlum. Æskilegt væri að þetta markmið kæmi eftir sem áður fram, hvort sem er í þessum d-lið 62. gr. eða annars staðar í lögnum.

Mjög æskilegt væri einnig að þessu markmiði væri fylgt eftir af hálfu stjórnvalda með því að innleiða skattlagningu af tekjum hinna erlendu stórfyrirtækja á þessum markaði hérlendis – sbr. m.a. umfjöllun á Ruv.is 15.1. þar sem vitnað er í orð menningar- og viðskiptaráðherra þess efnis að brýnt sé að koma sem fyrst á skattlagningu fyrirtækja eins og Facebook og Google en aðgerða sé beðið. Samanber einnig nýlegar fréttir á vef Hagstofunnar um tekjubróun fjölmiðla (birtar 7. og 16. desember 2022).

Félagið tekur undir röksemdafærslu þá sem fram kemur í umsögn Sýnar hf. við frumvarpsdrögin (nr. 3747) um þetta atriði, en þar segir meðal annars: „Sýn hf. telur að til lengri tíma litið sé nauðsynlegt að leggja skatt á erlendar efnis- og streymisveitur og nýta fjármagn sem fæst með þeim hætti til að styðja við einkarekna fjölmiðla, innlenda framleiðslu á gæða stjórnvarpsefni og til að mæta kostnaði innlendra fjölmiðlaveitna við textun og talsetningu. [...]“ Að breyttu breytanda á það sama við um auglýsingar sem beint er að íslenskum neytendum á efnisveitum á netinu og samfélagsmiðlum, s.s. Facebook, Google og YouTube; að mati BÍ ber íslenska ríkinu að leggja sambærilegan skatt á þessar tekjur og innheimtur er af birtingu auglýsinga í íslenskum fjölmiðlum.

BÍ tekur undir að ekki sé eftir neinu að bíða að ljúka skoðun á leiðum til skattlagningar erlendra efnis- og streymisveitna og innleiða þær í íslensk lög. Enda sé „mjög rík framkvæmd fyrirbyggjandi nú þegar í þessum efnum víða um Evrópu,“ eins og athygli er vakin á í umsögninni frá Sýn ehf., og reyndar fleirum (t.a.m. frá Viðskiptaráði).

Í stuttu máli álítur BÍ að hér beri nauðsyn til að íslensk stjórnvöld grípi til markaðs-leiðréttandi ráðstafana til að jafna samkeppnisstöðu innlendu og erlendu miðlanna. Danir hafa verið einna öflugastir Norðurlandþjóða þegar kemur að stuðningi til einkarekinna fjölmiðla og ríkir þar víðtæk, þverpólítísk sátt um þá nálgun. Eitt þeirra sjónarmiða sem notuð eru til grundvallar stuðningi til einkarekinna fjölmiðla í Danmörku er einmitt að litið er á styrkina sem markaðsleiðréttandi aðgerð sökum smæðar danska málsvæðisins.

Samkeppnisumhverfi fjölmiðla í málumhverfi sem því danska, og enn frekar því íslenska þar sem það er aðeins brot af því danska að stærð, er ekki eðlilegt þegar neysla fólks á fjölmiðlum hefur undanfarin ár og áratugi í síauknum mæli færst þvert á landamæri og tungumál með aukinni fyrirferð erlendra miðla og erlendra tæknirisa sem saga til sín auglýsingafé. Til þess að jafna samkeppnisstöðu íslenskra miðla gagnvart erlendum er því nauðsynlegt að ráðast í markaðsleiðrétandi aðgerðir sem þessar.

### 3. Um heildarfjárhæð stuðnings

Bí er enn fremur sammála því að heildarfjárhæð stuðnings við einkarekna fjölmiðla beri að hækka. Með því að ákveða að hún sé fyrirhuguð „allt að“ 400 milljónir króna á ári og haldist þannig óbreytt að krónutölu frá því Alþingi samþykkti fyrst, árið 2020, að taka skyldi upp slíkan stuðning við einkarekna miðla, er í raun verið að ákveða að lækka hana, sérstaklega þegar verðbólga er eins há og hún er um þessar mundir. Til samanburðar má nefna að styrkir úr ríkissjóði til stjórnmalaflokka á Íslandi eru nærri tvöfalt hærri en sú upphæð sem ætluð er til fjölmiðla, 728 milljónir. Fjölmiðlum er samt sem áður ætlað að veita stjórnmalunum aðhald og, eins og áður segir, eru grundvöllur þess að lýðræðið fái þrifist.

Bí fagnar 100 milljóna króna aukaframlagi því sem fjárlaganefnd ákvað fyrir jól að skyldi renna inn í fjölmiðlastyrkjasjóðinn á þessu ári. Félagið lýsir hins vegar furðu sinni á vinnubrögðum Alþingis við að komast að þessari niðurstöðu, en upprunalega lagði fjárlaganefnd til að þessar 100 milljónir rynnu óskiptar til „framleiðslu sjónvarpsefnis á landsbyggðinni“ (sbr. umfjöllun í [Þetta helst](#) á RÚV 9. janúar sl.).


Ekki þarf að reka í löngu máli rekstrarstöðu einkarekinna miðla. Undanfarin ár hafa erlendir tæknirisar á borð við Facebook og Google sópað til sín sístækkandi hlutfalli auglýsingatekna án þess að greiða hér skatta eða önnur gjöld til samfélagsins. Afleiðingin af þessari skökku

samkeppnisstöðu og yfirburðum í ljósi fákeppnisstöðu þessara risafyrirtækja er gríðarlegur samdráttur í auglýsingasölu sem hefur leitt til þess að rekstrargrundvelli margra fjölmiðla hefur nánast verið kippt undan þeim.

Niðurstaðan er

taprekstur sem leiðir af

sér uppsagnir, gjaldþrot og samþjöppun. Til marks um það hve bein áhrif þessa samdráttar er alvarleg í samfélagslegu samhengi hefur störfum í fjölmiðlum fækkað úr 2.238 í árslok 2013 í 876 í lok árs 2020, samkvæmt nýjustu tölum Hagstofu Íslands. Þróunin hefur verið



hröð undanfarið. Frá árinu 2018 og til loka árs 2020 fækkaði starfandi fólki í fjölmiðlum um 45 prósent, eða 731 manns líkt og myndin að ofan sýnir (mynd frá Hagstofu Íslands).

Það þýðir einfaldlega að færri blaðamenn eru til þess að sinna því mikilvæga starfi sem felst í því að tryggja opna lýðræðislega umræðu og veita stjórnvöldum, atvinnulífinu og helstu stofnunum samfélagsins nauðsynlegt aðhald, líkt og segir í stjórnarsáttmálanum að ríkisstjórnin leggi áherslu á.

Reynslan af þeim þremur árum sem einkareknir fjölmiðlar hafa fengið opinbera styrki hefur sýnt að þeir skipta gríðarlega miklu máli fyrir fjölmiðlafyrirtæki í vexti og sem eru að þróa sjálfbæran rekstur þar sem þeir hafa jafnvel leitt til fjölgunar starfa. Til að mynda má benda á að á árinu 2020 fékk útgáfufélag Stundarinnar styrk upp á 17,8 milljónir króna en tekjur þess jukust um 38,8 milljónir króna, eða 21 prósent. Á sama ári fékk útgáfufélag Kjarnans styrk upp á 9,3 milljónir króna en tekjur þess jukust um 18,3 milljónir króna á því ári, eða 31 prósent. Í tilfelli þessarra miðla sést skýrt að hver króna í styrk leiðir af sér aðra krónu í nýjum tekjum. Þær tekjur umbreytast svo í ný störf. Í tilfelli stærri fjölmiðlafyrirtækja, sem treysta að uppistöðu á auglýsingatekjur, þá hafa styrkirnir mildað það högg sem kórónuveirufaraldurinn veitti þeim ásamt breyttum forsendum á auglýsingamarkaði og gert þeim kleift að forðast fjöldauppsagnir.

Að lokum vill Blaðamannafélagið óska eftir því að fá tækifæri til að ræða við nefndina um frumvarpið og stöðu fjölmiðla.

f.h. Blaðamannafélags Íslands



---

Sigríður Dögg Auðunsdóttir, formaður